

REGLUGERÐ

um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga.

1. gr.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins skal starfrækja móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglunga á aldrinum 12 - 16 ára, sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Heimilt er að víkja frá þeim aldurstakmörkum sem hér er miðað við í sérstökum tilvikum. Meginhlutverk stöðvarinnar skal vera að veita eftirfarandi þjónustu:

a) Skammtí mavistun í neyðar- og bráðatilvikum. Um er að ræða skammtí mavistun vegna óupplýstra afbrota eða stjórnleysis sökum ölvunar eða annarrar vímuefnaneyslu. Ennfremur vistun á meðan nauðsynleg úrræði í máli unglings eru undirbúin á grundvelli barnaverndarlaga. Hámarksvistunartími skal vera 14 dagar.

b) Sérhæfða meðferð unglunga, þ.m.t. vímuefnameðferð, með vistun í allt að fjóra mánuði. Sérstök aðstaða vegna meðferðar unglunga, sem vistast gegn eigin vilja, skal vera fyrir hendi. Gert er ráð fyrir því að samhliða meðferðarstarfi fari fram greining á vanda unglingsins og að jafnframt sé gerð áætlun um frekari ráðstafanir í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd eða forsjáradíla.

c) Eftirmeðferð að aflokinni vistun. Sérstaka áherslu skal leggja á vinnu með fjölskyldum unglunganna, þannig að hjálparúrræði í nánasta umhverfi unglingsins séu virkjuð sem mest.

2. gr.

Móttöku- og meðferðarstöðin hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu, en þjónar landinu öllu. Óheimilt er að vista unglung á móttöku- og meðferðarstöðinni nema að fyrir liggja umsókn frá barnaverndarnefnd þar sem hann er dvalfastur, sbr. 8. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Þó getur lögregla vistað unglung í skamman tíma skv. a-lið 1. greinar, enda geri hún jafnframt án undandráttar ráðstafanir til að afla samþykkis viðkomandi barnaverndarnefndar fyrir vistun.

Umsóknir um vistun skv. b-lið 1. gr. skulu berast deild félagsmálaráðuneytisins í barnaverndarmálum sem tekur ákvörðun í málinu. Vistun lýkur þegar forstöðumaður móttöku- og meðferðarstöðvarinnar eða barnaverndarnefnd telja að vistunar sé ekki lengur þörf. Skal gerð skýrsla um dvöl unglingsins, sem send skal hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, ásamt leiðbeiningum um framhaldsaðstoð.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þrjá menn í stjórnarnefnd móttöku- og meðferðarstöðvarinnar til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skal einn stjórnarmanna skipaður formaður en stjórnarnefnd skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórnarnefnd skal fara með faglega og skipulagslega stjórn móttöku- og meðferðarstöðvarinnar. Hún ákveður deildaskiptingu stofnunarinnar og hámarksfjölda unglunga á deildum hennar. Stjórnarnefnd skal jafnframt vera ráðgefandi varðandi stjórn og rekstur annarra unglungaheimila ef eftir því er leitað.

Forstöðumaður móttöku- og meðferðarstöðvarinnar skal sitja fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Gerðir stjórnarfunda skulu færðar til bókar.

4. gr.

Félagsmálaráðherra ræður forstöðumann móttöku- og meðferðarstöðvarinnar. Forstöðumaður skal annað hvort vera sálfræðingur með starfsréttindi eða hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, uppeldisfræði eða hliðstæðu námi með viðbótarmenntun og reynslu á sviði meðferðar. Forstöðumaður skal að jafnaði hafa reynslu og/eða menntun í stjórnunarstörfum. Forstöðumaður fer með faglega og fjárhagslega stjórn móttöku- og meðferðarstöðvarinnar í umboði stjórnarnefndar. Ráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

5. gr.

Forstöðumaður ræður deildarstjóra móttöku- og meðferðarstöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnarnefndar og með heimild félagsmálaráðuneytisins. Þeir skulu hafa sérmenntun í uppeldisfræði, sálarfræði, félagsráðgjöf eða aðra sambærilega menntun. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með faglegu starfi innan sinnar deildar, jafnframt því að starfa að uppeldisverkefnum innan deildarinnar. Stjórnarnefnd setur þeim erindisbréf.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk á sama hátt, þ.m.t. sálfræðinga, félagsráðgjafa, ráðgefandi geðlækna og aðra sérfræðinga.

6. gr.

Þeir unglingar, sem vistaðir eru á móttöku- og meðferðarstöðina, skulu eiga aðgang að skóla sem fyrst og fremst er ætlað að annast kennslu þeirra sem dvelja á stöðinni. Félagsmálaráðuneytið setur vinnureglur um tengsl móttöku- og meðferðarstöðvarinnar og þess skóla sem þjónar heimilinu. Vinnureglur þessar skulu settar að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og stjórnarnefnd móttöku- og meðferðarstöðvarinnar og skulu endurskoðaðar árlega.

7. gr.

Móttöku- og meðferðarstöðin skal í störfum sínum hafa náð samstarf við barnaverndarnefndir sveitarfélaga og samráð við úrlausn mála svo sem frekast er kostur.

8. gr.

Rekstrarkostnaður móttöku- og meðferðarstöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Unglingaheimili ríkisins nr. 15/1993.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Anna G. Björnsdóttir.